

Fundargerð stjórnar BÍS 09/2012.

miðvikudaginn 28. mars 2012 kl. 18:00 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu: Lá frammi.
4. Starfsreglur og starfshættir stjórnar BÍS: ÓP ræddi verklag stjórnar. Samþykkt að halda vinnufund 19.apríl kl. 15:00-21:00 og ljúka þar þeirri vinnu sem var langt komin sl. vor.
5. Endurskoðun á uppbyggingu og skipulagi BÍS: Umræðu frestað.
6. Endurmat Skátapings: Umræðu frestað.
7. Málþing um skátaheitið: JA falið að undirbúa tvö málþing, annað verði haldið í maí og hitt hugsanlega á Landsmóti skáta.
8. Úlfljótuvatn: Fulltrúar stjórnar BÍS og SSR funduðu með fulltrúum stjórnar Skógræktarfélags Íslands á Úlfljótuvatni laugardaginn 21. mars. Á fundinum kynntu aðilar hvorum öðrum starfsemi sína og fóru í kynnisferð um jörðina. Mjög góður andi var á fundinum. Ljúka þarf gerð samkomulags milli SSR og BÍS.
9. Önnur mál:
 - a. Verkefnahópur um Þjóðþrif: Hópurinn hefur hafið störf.
 - b. Trúnaðarmál: Fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki rætt,
Fundi slitið kl. 20:00,
Fundargerð ritaði JA.